
Stjórn Strætó
B/t
Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður
Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri
Þönglabakka 4
109 Reykjavík

Hafnarfjörður, 20. mars 2017

Varðar: Leið 21, aukin tíðni og breytt akstursleið

Umhverfis og framkvæmdaráð í Hafnarfirði skipaði starfshóp í janúar 2017 sem hefur það hlutverk að endurskoða leiðakerfi innanbæjaraksturs í Hafnarfirði. Með hópnum starfa Lilja Karlsdóttir, samgönguverkfræðingur.
Eitt af fyrstu verkum starfshópsins hefur verið að skoða áfram breytingar á akstursleið nr. 21 með það í huga að stækka uppland leiðarinnar og fjölga farþegum.
Núverandi leið 21 hefst í Firði og keyrir eins og mynd hér að neðan sýnir:



Þær breytingar sem við leggjum til innan Hafnarfjarðar eru eftirfarandi (sjá mynd á næstu síðu):

1. Leiðin byrji upp á Holti í stað þess að byrja í Firði
2. Leiðin sleppi hringakstri inn að Firði en stopp í staðinn á Lækjargötu eða Strandgötu
3. Akstur um iðnaðarsvæði styttist og fari um Drangahraun í stað Hólshrauns



Ennfremur leggjum við til breytingar á leið 21 í kringum Smáralind þar sem mikilvægt er fyrir hafnfirðinga að tengjast því svæði. Hér á myndinni að neðan má sjá tillögðu að breyttu leiðakerfi við Smáralind.



Fyrir hafnfirðinga er mikilvægt að tengjast svæðinu í kringum Smáralind og svæðinu þar í kring en þarna er núna staðsettur Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins, Heimahjúkrun Kóp, GB og Hf, Smáralind auk þess sem fyrirhuguð er mikil uppbygging á reitnum.

HAFNARFJÖRÐUR

Einnig óskar ráðið eftir því að tíðni ferða á leiðinni verði aukinn í korters tíðni á annatímum og að leiðin keyri lengur á kvöldin og á sunnudögum.

Leið 21 þjónar ekki bara hafnfirðingum, leiðin keyrir í gegnum Garðabæ og hefur viðkomu í Kauptúni þar sem mikill vöxtur er í verslun og þjónustu auk þess sem Urriðaholtið er að byggjast hratt upp. Leið 21 hefur alla burði til að fjölga farþegum umtalsvert ef hugað er að því að bæta þjónustuna á leiðinni.

Fyrir Hafnfirðinga skiptir miklu máli að þessar breytingar verði gerðar því þær búa til þann möguleika að fleiri noti Strætó en eins og allir vita þá er lengd ferða og fjöldi skiptinga milli vagna það sem skiptir máli fyrir notendur. Erindi okkar er í beinu framhaldi af erindi af svipuðum toga eftir fund ráðsins í 29. apríl 2016 en nú höfum við lagt í enn frekari vinnu með leið 21 innanbæjar hjá okkur.

Umhverfis- og framkvæmdaráð óskar hér með eftir því við Strætó að tekin verði til skoðunar þessar tillögur að breytingum á leið 21. Mikilvægt er fyrir starfshópinn að skoðuninni verði hraðað og svar berist sem allra fyrst.

Virðingarfyllst
Fh. Umhverfis- og framkvæmdaráðs

Helga Stefánsdóttir, verkfræðingur
forstöðumaður framkvæmda- og rekstrardeildar

Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar
Norðurhellu 2 I 221 Hafnarfjörður
sími: 585-5500 I fax 585-5639